

**Fundargerð.**  
**Stjórnarfundur nr. 115.**

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í fjarfundi gegnum Teams föstudaginn 15. mars kl. 12.00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Sveinn F. Úlfarsson, Hrefna Jóhannesdóttir og áheyrnarfulltrúinn Snorri Finnlaugsson. Einnig sat fundinn Elvar Bjarki Gíslason, verkstjóri hjá Norðurá bs. Hrefna Jóhannesdóttir ritaði fundargerð. Pétur Arason boðaði forföll.

Helgi Níelsson endurskoðandi KPMG sat fundinn undir lið 1.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2023
2. Gjaldskrárbreytingar 2024
3. Önnur mál

**Fundargerð:**

**1. Ársreikningur 2023**

Helgi Níelsson endurskoðandi KPMG lagði fram og fór yfir ársreikninga Norðurár bs. fyrir árið 2023. Magnús hafði áður gert grein fyrir þeim á 114. fundi stjórnar og er vísað til þeirrar fundargerðar. Hafði endurskoðandi þá ekki yfirfarið reikningana og samþykkti stjórn þá með fyrirvara.

Helgi fór yfir þær breytingar á framsetningi ársreiknings sem hann taldi rétt að gera áður en reikningurinn verður undirritaður. Um er að ræða tilfærslur innan liða sem ekki hafa áhrif á niðurstöður. Helsta breyting er að rúmar 4 millj. færast úr vaxtagjöld skammtímaskulda undir liðinn fjármagnstekjuskattur þar sem um er að ræða skatt vegna sölu verðbréfa. Vextir skammtímaskulda verði færð undir liðinn „Vextir og verðbætur“.

Jafnframt taldi endurskoðandi rétt að gera eftirfarandi breytingu í skýringum undir lið 14. Varanlegir rekstrarfjármunir: Framvegis verði tvö ár sýnileg til þess að gera betur grein fyrir breytingum í fasteignamati og váttryggingarverðmætum.

Rætt á fundinum um endurskoðunaraðgerð sem snýr að því að kalla eftir upplýsingum um tengsl stjórnarmanna og lykilstjórnenda Norðurár bs. við önnur félög. Samþykkt að láta framlögð gögn um engin hagsmunatengsl frá árinu 2023 gilda en komið á framfæri við endurskoðenda að kalla eftir þessum upplýsingum í tæka tíð vegna ársreikninga 2024. Stjórn staðfestir að engin viðskipti séu við tengda aðila (stjórnarmenn eða félög í þeirra eigu) á árinu 2023.

Stjórn samþykkir samhljóða framangreindar breytingar á ársreikningi Norðurár bs. fyrir árið 2023 og staðfestir reikninginn í heild með rafrænni undirritun og vísar honum til samþykktar aðalfundar.

## 2. Gjaldskrárbreytingar 2024

Lögð fram tillaga um 3,5% gjaldskrárhækkun á gjaldskrá Norðurár bs. Gjaldskráin hefur verið óbreytt frá árinu 2020.

Stjórn Norðurár bs samþykkir samhljóða að gjaldskrá félagsins hækki um 3,5% og að hækkunin taki gildi 1. júní 2024. Jafnframt samþykkir stjórn að beina því til aðalfundar að stjórn Norðurár verði falið að taka gjaldskrá félagsins til skoðunar fyrir 15. október ár hvert og ákveða gjaldskrá fyrir komandi ár sem taki gildi 1. janúar.

Stjórnin telur mikilvægt að gjaldskráin sé endurskoðuð árlega og tekur undir þau sjónarmið sem heyrst hafa að of lág gjaldskrá sé ekki hvetjandi til aukinnar flokkunar og betri meðhöndlunar úrgangsefna. Við þær aðstæður sem nú eru í samfélaginu og þeirrar sáttar sem gerð er á vinnumarkaði telur stjórnin ekki fært að ganga lengra í gjaldskrárbreytingum að þessu sinni.

Stjórnarformanni falið að láta endurskoða fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 sem samþykkt var á fundi stjórnar 7. mars sl. í ljósi þessa svo unnt verði að leggja hana fyrir aðalfund Norðurár bs. sem haldinn verður 19. mars nk.

## 3. Önnur mál

Engin önnur mál rædd og fundi slitið kl. 13.17

Hrefna Jóhannesdóttir

Sveinn F. Úlfarsson

Magnús B. Jónsson

Snorri Finnlaugsson

Pétur Arason